

## Fræg í lífi sem dauða

Það var fallegur dagur. Ef hún gæti aðeins notið hans eins og allir aðrir í hennar árgangi. En hún gat það ekki. Fyrir tveimur árum hafði hún verið partur af hóp, hóp sem allir vildu komast í. Hópurinn samanstóð af henni og fjórum vinkonum hennar. Aðalheiður, ein af vinkonum hennar var samt sérstakari en hinar. Hún hafði elskað hana meira en vin. Meira en nokkuð annað í hinni stóru ósanngjörnu veröld sem þær bjuggu í. Þeirri veröld sem hafði tekið Aðalheiði vinkonu hennar í burtu frá henni. En var það veröldin sem hafði tekið Aðalheiði frá henni? Var það ekki einhver manneskja, manneskja sem var enn ekki fundin. Enginn vissi ennþá neitt um það hver hafði tekið líf hennar frá henni, svona ungri stelpu sem hafði ekki einu sinni fengið að ná fjórtánda afmælisdeginum sínum. Stelpu sem hefði orðið sextán ára í dag. Það var nú einmitt þessvegna sem hún gat ekki hugsað um annað en Aðalheiði í dag. Hún vissi að Aðalheiður hefði líklegast haldið stærstu afmælisveislu sem bærinn hafði nokkurn tímann séð til að fagna sextán ára afmælinu sínu. En það var víst ekki í boði. Nú var það eina sem hægt var að gera fyrir hana að finna manneskjuna sem ákvað einn daginn að binda enda á líf vinkonu hennar. Hver svo sem það var. Lögreglan hafði enn ekki fundið neitt en rannsóknin hafði nýlega verið tekin upp aftur eftir að lík Aðalheiðar hafði loksins fundist. Nú var lögreglan byrjuð að líta á málið sem morðmál en áður hafði rannsóknin snúist um hvort að Aðalheiður hafði strokið að heiman eða hvort einhver hefði rænt henni. Margir í bænum héldu frekar að henni hefði verið rænt. Hún hafði í lífi sínu notið þess mest að leika sér með fólk eins og það væri brúður og höfðu margir í sínum versta hugarheimi velt því fyrir sér hvort að hún hafi átt þetta skilið. Hafði hún kannski átt þetta skilið? Hún hafði í gegnum árin orðið sér út um margra óvini, einn þeirra gat þó talist hættulegri en hinir. Hann Tómas.

Fyrir þremur árum höfðu þær vinkonurnar gist saman heima hjá Aðalheiði. Hún átti stærsta húsið og var þetta kjörinn staður fyrir þær allar að hittast og spjalla um lífið og tilveruna. Um kvöldið voru stelpurnar að klæða sig upp, svona eins og stelpur gerðu oft á þessum aldri þegar að þær tóku eftir stráknum í næsta húsi. Hann starði inn um gluggann á þær hálfnaktar. Þær höfðu hrópað upp fyrir sig og flýtt sér í einhver fót. Strákurinn í næsta húsi hét Tómas og var einu ári eldri en þær. Hann var þekktur fyrir uppáhaldsá hugamál sitt, að kíkja inn um glugga hjá stelpunum í nágreninu. En í þetta skipti hafði hann valið rangar stelpur til þess að vera eitthvað að abbast upp á. Aðalheiður hafði sannfært þær allar um að þær myndu hefna sín á honum svo þær fóru að hugsa um hvað þær gætu gert. Aðalheiður fékk þá hugmynd að þær gætu hrætt hann svolítið með því að skjóta flugeldi framhjá glugganum á tréhúsinu hans. Þetta tréhús hafði Tómas átt síðan hann var lítill og var alltaf í því svo þær ákváðu að hann hlyti að vera í því þetta kvöld rétt eins og önnur kvöld. Þær sættust á að Aðalheiður skyldi skjóta flugeldinum svo að þær sendu hana yfir til Tómasar og fylgdust sjálfar með út um gluggann. Þær sáu þegar Aðalheiður kveikti í flugeldinum og miðaði upp í loftið en allt í einu virtist hún vera frosin. Þær sáu hvernig hún starði stjörfum augum inn um gluggann á tréhúsinu. Henni hafði brugðið svo mikið við það sem að hún hafði séð að hún gleymdi flugeldinum og skaut honum óvart á tréhúsið. Allt fór upp í logum og einhver öskraði. Aðalheiður hljóp eins hratt og hún gat inn í húsið sitt og þær vinkonurnar horfðu saman á það sem gerðist eftir á. Sjúkrabíll kom á harðaspani og sjúkraflutningamaðurinn, sem komið hafði með bílnum, klifraði upp í tréhúsið. En hann kom ekki með Tómas niður. Hann kom með hálf systur hans. Hún var grátandi og þær sáu að hún var öll út í brunasárum. Næst á eftir þeim klifraði Tómas niður úr tréhúsinu og það virtist sem að hann hafði ekki meitt sig neitt. Þær myndu sjá eftir þessu kvöldi allt sitt líf. Ári eftir þetta atvik hafði Aðalheiður horfið og þær vissu alla tíð að þessi Tómas hafði viljað hana dauða

eftir það sem hún hafði gert. En hvers vegna hafði Aðalheiður misst flugeldinn? Hvað hafði hún séð sem var svo skelfilegt að hún fraus? Hún hafði aldrei sagt þeim hvað hún hafði séð. En það sem hún hafði séð var kannski ástæðan fyrir að hún var drepinn. Hún hafði tekið leyndarmálið með sér í gröfina og enginn myndi nokkurn tímann vita hennar hlið á sögunni. Hvað hún hafði séð. Hvað hafði hún séð?